



215. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 17. september 2013 kl. 16:00.

Mættir: Lárus Blöndal forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Garðar Svansson, Jón Gestur Viggósson, Ingi Þór Ágústsson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson 1. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu: Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Hafsteinn Pálsson og Örn Andrésón.

Þetta gerðist:

1. Formannafundur ÍSÍ

Rætt um fyrirkomulag Formannafundar sem haldinn verður 29. nóvember nk.

2. Ólympísk verkefni

Friðrik Einarsson fór yfir undirbúning fyrir Sochi 2014 og stöðu ólympíuhópsins.

3. Smáþjóðaleikar 2015

Líney Rut Halldórsdóttir skýrði frá stöðu mála varðandi hönnun kynningarefnis ásamt því að fara lauslega yfir stöðu í mannvirkjamálum. Fyrir skömmu var haldinn fundur með þeim sérsamböndum sem að leikunum munu koma þar sem farið var yfir ýmsa þætti í undirbúningi.

Gunnar Bragason skýrði frá því að verið væri að vinna að fjárhagsramma en enn ætti eftir að skýrast hver framlög ríkis og borgar yrðu. Starfsmenn ÍSÍ eru þessa dagana að taka út þau hótél sem bókuð voru fyrir þátttakendur leikanna og kalla eftir áætluðu verði en gisting er einn af stærstu kostnaðarliðum leikanna.

4. Heiðranir

Engar tilnefningar til heiðrana hafa borist.

5. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 214. fundur framkvæmdastjórnar
- 19. og 20. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Verkefnasjóður ÍSÍ frá 29. ágúst 2013. **Tillögur um úthlutanir samþykktar.**
- Þróunar- og fræðslusvið ÍSÍ frá 11. september 2013
- Afrekssjóður ÍSÍ frá 9. september 2013

Eftirfarandi tillögur sjóðsstjórnar um styrkveitingar samþykktar:

-Styrkur að upphæð kr. 500.000,- vegna undirbúnings ÍF fyrir Ólympíumótið 2014 í Sochi.

-Styrkur til DSÍ að upphæð kr. 500.000,- vegna þátttöku HRÓ og NB í þeim verkefnum sem tilgreind eru í umsókn.

- Styrkur að upphæð kr. 3.000.000,- til HSÍ vegna verkefna A-landsliðs karla á árinu 2013, sem er jafnframt hluti af undirbúningi liðsins fyrir úrslitakeppni EM 2014.
- Styrkur að upphæð kr. 1.500.000,- til HSÍ vegna verkefna A-landsliðs kvenna á árinu 2013.
- Styrkur að upphæð kr. 1.000.000,- til KKÍ vegna verkefna A-landsliðs karla á árinu 2013.

6. Viðburðir framundan

Rætt um viðburði framundan og til lengri tíma litið.

7. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Fyrirhugað er næstu fundir framkvæmdastjórnar verði 17. október og 28. nóvember.

8. Önnur mál

Benz bifreið

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi innflutning á Benz smárútu sem Alþjóðaólympíunefndin hefur gefið ÍSÍ til afnota. Bíllinn er kominn til landsins en verið er að vinna að tollafgreiðslu hans.

Vinnuhópur um þjóðarleikvanga

Rætt um þjóðarleikvanga og þær þarfir og kröfur sem liggja að baki þeirrar nafnbótar. Framkvæmdastjóri á sæti í vinnuhópi mennta- og menningarmálaráðuneytisins um málefnið.

Fundur með ráðherrum

Forseti ÍSÍ skýrði frá því að hann hefði átt fundi með mennta- og menningarmálaráðherra og fjármálaráðherra varðandi málefni íþróttahreyfingarinnar.

Skipulagsmál í Laugardalnum

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að eignaraðilar að Íþróttamiðstöðinni í Laugardal hefðu sent inn athugasemdir til Skipulagsnefndar Reykjavíkurborgar við framtíðarskipulag Laugardalsins.

Rannsóknar- og afreksmiðstöð

Vinnuhópur um Rannsóknar- og afreksmiðstöð hefur að undanfögnu unnið að verkefninu og fyrir liggja drög að stofnskrá sjálfseignarstofnunar. Auk þess er verið að vinna að því að útbúa verkferla fyrir prófanir og aðkomu Háskóla Íslands að verkefninu.

Rannís – Íþróttasjóður ríkisins

Rannís hefur nú umsjón með ferli umsókna í Íþróttasjóð ríkisins. Frestur til að skila inn umsóknum er 1. október. Skrifstofa ÍSÍ hefur sent áminningu til sambandsaðila sinna og upplýsingar um nýjan umsjónaraðila umsókna.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari.

